

Lag þess á
fundum a. Ed. 23/2 V

Alþingi

Erindi nr. Þ 113 / 725

komudagur 25 / 2 1991

Háskóla Íslands



Stutt greinargerð um
HAPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS.
lögð fyrir allsherjarnelnd etri deiklar Alþingis.

Nokkur atriði úr sögu HHI:

- 1933: Lög um happdrætti fyrir Ísland.
Háskóla Íslands veitt einkaleyfi til reksturs peningahappdr.
en jafnframt gert að greiða einkaleyfisgjald - 20% af arði.
- 1934: Fyrsti dráttur 10. mars.
Heilmíði kostar 6 kr/mánúði
Hæsti vinningur 50 000 kr.
- 1991: Heilmíði kostar 500 kr/mánúði
Hæsti vinningur 5 000 000 kr.
- 1970: Nýjum miðaflokkum bætt við þannig að fjórir miðar verða til fyrir hvert hinna 60000 númera
- 1975: "Trompmiðar" gefur út - hver miði gildir sem 5 heilmíðar.
Hvert númer orðið nifalt.



1987 : Hafinn rekstur skyndihappdrættis - skatmiðahappdrættis.

1990 : Hugað að möguleikum á rekstri sérstaks happdrættis til móðvægis við Lottó.

Heimildar til reksturs sjöðs-happdrættis H.I. óskað með bréfi 18. des. '90 á grundvelli lagaákvæða samþykktum 22. apríl 1986:

„ Dömsmálaráðherra er enn fremur heimilt að veita H.I. einkaleyfi til rekstrar skyndihappdrættis með peningavinningum, svo og peningahappdrættis sem ekki yrði rekid sem flokkahappdrætti.“

1991 : Með bréfi dags. 29. janúar '91 tilkynnir dömsmálaráðherra að fallist sé á rekstur peningahappdrættis í samræmi við tillögur í bréfi frá 18. des. 1990.



Í flokkahappdrættinu (gamla happdrættinu) er vinningshlutfallið 70% - þ.e.a.s. 70% af veltunni eru greidd i vinninga og að jafnaði hlýtur fjórði hver miði vinning á ári hverju.

Í skatmiðahappdrættinu er vinningshlutfallið 50%.

Í sjöðshappdrættinu (nýja happdrættinu) er miðað við 50% vinningshlutfall. Aðeins yrði dregið ur seldum miðum og færi dráttur fram opinberlega t.d. í sjónvarpi. Hæsti vinningur yrði helmingur heildarvinningsupphæðar.

Reikningar HHI

(1989)

Heildartekjur	14 17,8	m. kr.
Vinningar til utgr.	921,4	-
Heildarrestrararkostn.	193,3	-
Einkaleyfisgjald	60,6	-
Til Háskóla Íslands	242,5	-



Ráðstöfun happdrættisfjárins.

Upphaflega var HHÍ ætlað að standa undir kostnaði við nýbyggingar í þágu Háskóla Íslands. Síðar var ákveðið að happdrættið skyldi einnig standa undir kostnaði vegna viðhalds húsa og búnaðar H.Í. auk kaupa á tækjum vegna rannsókna og kennslu. Til glöggvunar er hjálögð Framkvæmdaáætlun 1991 (Fskj. 1).

Á árunum 1978-1990 hefur aukning á rannsókna og kennsluhúsnæði á löð háskólans verið u.þ.b. 700 m² á ári eða rúmlega 8000 m². Á sama tíma hefur háskólanemum fjölgað úr 2800 í 5000.

Samkvæmt lágmarksstöðlum þyrfti húsnæði H.Í. að vera 55000 m² en er u.þ.b. 40000 m². Má því segja að nú vanti um 15000 m².

Til að viðhliðandi gangur verði í nýframkvæmdum þyrfti 2-3 sinnum meira fé að vera til ráðstöfunar á ári næstu árin. Til frekari skýringa er hjálögð „Skýrsla um



niðbyggingar Háskóla Íslands dags. 11. nóv. '90.
(Fskj. 2)

Háskóli Íslands er ekki einn um
rekstur peningahappdrættis.

Líta verður svo á að minnsta kosti
fjörur aðilar teki peningahappdrætti í dag.

	Valta m. kr.	Vinningar m. kr.	Kostn + hagn. m. kr.
H.H.I.	1500	950	550
Lottó	955	380	575
Getraunir	165	70	95
Rauði kross Ísl.	950	350	600 *
	<u>3570</u>	<u>1750</u>	<u>1820</u>

* Tölur RKÍ mjög lauslegar.

Samkvæmt þessu yfirliti tekur HHI

$$\frac{550}{1820} \times 100 = 30\%$$

af þui fé sem almenningur leggur fram.

HHI greiðir eitt einkaleyfisgjald

Frá upphafi hefur HHI greitt 20%
af hagnaði í einkaleyfisgjald. Þessir
fjármunit hafa undanfatin ár runnið



til rannsóknastofnana atvinnuveganna. Með hliðsjón af hinni miklu vöntun fjármuna til framkvæmda HÍ væri mjög athugandi að fella þetta einkaleyfisgjald niður.

Happdrætti sem tekjuöflunarleið fyrir Háskóla Íslands.

Í 57 ár hefur HHI verið traustur bakkjarl fyrir Háskóla Íslands. Skilningur hefur verið meðal ráðamanna og almenningss á þýðingu þessa reksturs fyrir rannsóknir og væðri menntun í landinu. Á árunum 1980-1985 seldust að meðaltali um 270 þúsund ársmiðar í HHI á hverju ári. Á síðastliðnu ári (1990) var sala í flokka-happdrættinu komin niður í 190 þúsund ársmiða. Sjá meðfylgjandi línurit (Fskj.3)

Þó svo að ljóst sé að almenningur hafi á undanförmum árum eytt vaxandi fjármunum í happdrætti verður að líta svo á að um sé að ræða takmarkaða möguleika til fjáröflunar. Því fleiri aðilum sem ætlað verður að alla nauð-



synlegra fjármuna með happdrættistekstri þeim mun minna mun koma í hlut hvors aðila.

Með stofnun Lottós 1986 var mjög vegið að HHI og fer ekki á milli mála að vaxandi markaðshlutdeild þess hetur þrengt að HHI. HHI var og er nauðsynlegt að bregðast við þessari samkeppni með því að bjóða happdrætti þar sem biðlimi eftir útdrætti vinninge er skemmri en í flokkahappdrættinu. Skatmiðahappdrættið var hluti af þessu andsvari og nú er stefnt að stofnun sjóðshappdrættis það má ljóst vera að rekstur sjóðshappdrættis af öðrum aðilum mun stórlega minnka möguleika HHI til tekjuöflunar.

Ég mun ekki gera minnstu tilraun til að gera samanburð á þört ýmissa aðila til tekjuöflunar vegna góðra verkefna. Ég bendi aðeins á að HHI hetur í 57 ár aflað fjármuna með tekstri peningahappdrættis til handa Háskóla Íslands. Öll þessi ár hetur HHI greitt verulega fjármuni vegna einkaleyfis á rekstri peningahappdrættis, um 60 m.kr á ári síðustu



árin, það má e.t.v. halda því fram að
HHÍ hafi áunnid sér hefð til að reka
peningahappdrætti og má í þessu sambandi
vefja athygli á lögum frá 5. maí 1986 þar
sem segir að veita megi Háskóla Íslands
einkaleyfi til að reka peningahappdrætti
til 1. janúar 2004.

Garðabæ 24. 2. 1991

Ragnar Ingimannson,
forstj. HHÍ.

Háskóli Íslands

17. janúar 1991

Framkvæmdaáætlun 1991Til ráðstöfunar

Áætlað framlag Happraættis Háskóla Íslands 195 m. kr

Ráðstöfun fjárA. Almennt

Viðhald og endurbætur á húsum	37 m. kr
Almennt ófyrirsjáanlegt viðhald	8 m. kr
Viðhald og rekstur á lóð	10 m. kr
Viðhald og aukning á húsgögnum	5 m. kr
Tækjakaup	40 m. kr

 100 m. kr
B. Nýframkvæmdir

Innrétting, bygging 7	20 m. kr
VR-III, álma D&E	45 m. kr
VR-III, álma C (hönnun)	2 m. kr
Jarðvísindahús (hönnun)	3 m. kr
Líffræðihús (hönnun)	3 m. kr
Háskólabíó	8 m. kr
Hjónagarðar	7 m. kr
Annað (Tölvunet, Ármúli 1)	7 m. kr

 95 m. kr

 Alls 195 m. kr

Skýrsla um nýbyggingar Háskóla Íslands

Inngangur.

Í árinu 1977 birtist skýrsla um húsnæðisþarfir háskólans á árunum 1977 til 1981. Skýrslan tók til allra deilda skólans annarra en lækna- og tannlæknadeilda. Niðurstaða hennar var sú að nauðsynlegt yrði að byggja um 7500 m² húsnæðis fyrir árslok 1981. Var gengið út frá því að föstum kennarastöðum hefði fjölgað í um 150 á tímabilinu en nemendur yrðu um 3400. Á þessum tíma var þegar hafin bygging húsnæðis fyrir lækna- og tannlæknadeildir á Landspítalalóð.

Starfsnefnd háskólaráðs um nýbyggingar á háskólalóð var skipuð 1978. Í nefndinni áttu sæti 6 menn og var þeim falið að fylgja ályktunum háskólaráðs um nýbyggingaáfangana eftir. Í ályktun háskólaráðs frá 3. nóvember 1977 var gert ráð fyrir að byrjað yrði árið 1979 á 1800 m² áfanga fyrir hugvísindagreinar, austan Suðurgötu, árið 1980 á 1800 m² áfanga fyrir verkfræði- og raunvísindagreinar, en árin 1981 og 1982 yrði byrjað á tveim áföngum í viðbót öðrum fyrir líffræðigreinar, en hinum fyrir hugvísindagreinar. Að lokum var gert ráð fyrir tveim áföngum sem byggðir yrðu á árunum 1983 til 1986, annar fyrir verkfræði- og raunvísindagreinar en hinn fyrir hugvísindagreinar. Miðað var við að hver áfangi væri að jafnaði eitt ár í byggingu. Hinn 30. apríl 1981 óskaði háskólaráð eftir því við starfsnefndina að gerð yrði í samráði við stjórn Háskólabíós tillaga um nýtt hús sem nýttist bæði til fyrirlestrahalds og rekstrar bíósins.

Framkvæmdir á Landspítalalóð þ.e.a.s vegna nýbyggingar lækna- og tannlæknadeilda (Bygging 7) voru fyrst og fremst á vegum Yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð.

Framkvæmdir 1977-1989

Í stuttu máli er saga þeirra byggingaframkvæmda sem nefndar hafa verið hér að framan þessi:

Fyrsta skóflustunga vegna fyrri áfanga hugvísindahúss (Oddi) var tekin 11. desember 1980 og húsið tekið í notkun veturinn 1984/85, alls um 3000 m².

Fyrsta skóflustunga vegna nýs áfanga fyrir verkfræði- og raunvísindagreinar (VR-III) var tekin 2. apríl 1982 og var hluti þessa áfanga tekinn í notkun haustið 1987, alls um 2000 m².

Framkvæmdum við síðari áfanga hugvísindahúss var fram haldið 1988 og hefur áfanginn nú verið tekinn í notkun.

Framkvæmdir við Háskólabíó hófust á árinu 1988. Eins og að framan er getið mun þessi nýbygging bæði nýtast fyrir fyrirlestrahald og rekstur bíósins. Miðað er við að háskólinn fjármagni um þriðjung framkvæmdarinnar. Háskólabíó (Sáttmálasjóður) mun fjármagna þriðjung og það sem eftir er verður fjármagnað með fyrirframlögu á hluta húsnæðisins. Heildarflatarmál nýbyggingarinnar er um 3600 m^2 - helmingur í kjallara. Fyrirlestrasalir eru þrír á jarðhæð samtals 960^2 og taka 316, 220 og 159 manns í sæti, en í kjallara er lítil forsýningarsalur. Nýbyggingin hefur nú öll verið tekin í notkun að undanskildum nefndum forsýningarsal.

Á árinu 1988 var Tæknigarður byggður á háskólalóðinni. Húsið er rúmlega 2500 m^2 að grunnfleti. Raunvísindastofnun H.Í. eignaðist um 690 m^2 í húsinu og háskólinn sjálfur um 325 m^2 (vegna Reiknistofnunar).

Fyrirhugað hús lækna- og tannlæknadeilda skiptist í þrjár sambyggðar einingar, svonefnda suður- og norðurkjarna, auk miðbyggingar. Nokkuð er um liðið síðan miðbygging og suðurkjarni hússins var reistur, en grunnplatan ein hefur verið gerð vegna norðurkjarna. Húsið er fimm hæðir, auk leiðslukjallara. Flatarmál miðbyggingarinnar og suðurkjarna er um 1425 m^2 og heildargólfplatarmál því um 7125 m^2 . Þegar hefur mestur hluti hússins verið tekinn í notkun en óinnréttáðir hlutar í suðurkjarna og á 1. hæð eru samtals um 1800 m^2 .

Staðan nú.

Eins og að framan er getið var áætlað 1977 að þörf fyrir viðbótarhúsnæði fyrir árslok 1981 væri um 7500 m^2 . Þetta miðaðist við að stúdentafjöldi við háskólann yrði um 3400 árið 1981.

Nú má segja að aukið hafi verið við rannsókn- og kennsluhúsnæði á 16ð háskólans sem svarar 8200 m^2 ($3000 + 2000 + 1000 + 3600/3 + 690 + 325$). Þessi viðbót hefur orðið á 12 ára tímabili eða sem svarar til um 700 m^2 á ári. Á þessu sama tímabili hefur háskólanemendum fjölgað úr u.þ.b. 2800 í u.þ.b. 5000 (væntanleg skráning um miðjan vetur) og hlutfallsleg fjölgun fastra starfsmanna hefur ekki verið minni.

Að því er varðar hús lækna- og tannlæknadeilda á Landspítalalóð er rétt að vekja athygli á því að í upphaflegri áætlun um húsnæðisþarfir þessara deilda (Weeks-áætlun) var talið nauðsynlegt að reisa fyrrnefndan norðurkjarna auk þess sem nú hefur verið reist. Ekki fer þó á milli mála að ástand í húsnæðismálum þessara tveggja deilda hefur mjög lagast á síðasta áratug þar eð um 5300 m^2 húsnæðis hefur verið tekið í notkun í hinu nýja húsi. Hluti af þeirri starfsemi sem nú er í þessari byggingu flytur úr óhentugu leiguhúsnæði annarsstaðar í borginni og hluti flytur úr húsnæði á háskólalóð (óverulegt í fermetrum talið).

Það má ljóst vera að tal um mikla og óþarfa aukningu á húsnæði háskólans er út í hött. Verður ekki betur séð en að ástand í húsnæðismálum t.d. á háskólalóðinni sé mun lakara nú en það var 1977/78.

Samanburður við erlenda háskóla.

Víða um lönd eru til staðlar er segja til um hæfilega stærð húsnæðis vegna starfsemi háskóla. Útreiknuð húsnæðisþörf byggir á fjölda stúdenta og dreifingu þeirra á hin ýmsu fræðasvið. Breskir staðlar gera hvað minnstar kröfur til rýmis, en á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og í Þýskalandi eru kröfurnar meiri.

Ef reiknað er á grundvelli bresku staðlanna fæst að núverandi húsnæðisþörf Háskóla Íslands er um 55.000 m², að viðbættu húsnæði fyrir félagsaðstöðu og íþróttir.

Nú er sérhannað húsnæði háskólans samtals um 34.000 m². Annað húsnæði í eigu háskólans verður um 4500 m², leiguhúsnæði um 5000 m². Að teknu tilliti til notagildis jafngilda þessir síðastnefndu 9500 m² vart meira en 6-7000 m² í sérhönnuðu háskólahúsnæði, og má því segja að til umráða séu 40-41000 m².

Samkvæmt því sem að ofan er rakið vantar Háskóla Íslands nú um 14-15000 m² húsnæðis til að fullnægja lágmarksstöðlum.

Næstu ár.

Öll starfsemi háskólans hefur aukist mikið frá því að skýrslan um húsnæðisþörf var gerð 1977. Á þeim tíma var áætluð þörf viðbótarhúsnæðis innan næstu fjögurra ára á eftir um 7500 m². Áberandi er hin stöðuga (en ekki óvænta) fjölgun nemenda og vaxandi þróttur rannsóknastarfsemi. Það kemur ekki á óvart að nú þegar fjöldi stúdenta nálgast fimm þúsund skulu rýmisþörf hafa aukist langt umfram það sem byggt hefur verið á tímabilinu.

Eins og sjá mátti hér að framan reiknast núverandi viðbótarþörf húsnæðis milli 14 og 15 þús. m² ef borið er saman við sambærilega skóla í Bretlandi.

Það er mjög mikilvægt að ekkert hlé verði nú á byggingarframkvæmdum. Það er betri kostur að auka jafnt og sígandi við húsnæðiskost háskólans en að gera slíkt með rykkjum. Starfsnefndin hefur leitast við að undirbúa þær framkvæmdir sem von hefur verið í að mætti koma eitthvað áleiðis í fyrirsjáanlegri framtíð og enn aðrar sem lengra er í hafa verið lauslega áætlaðar. Helstu nýbyggingaframkvæmdir sem fyrirhugaðar hafa verið eru þessar:

Bygging 7 (á Landspítalalóð). Enn er ólokið innréttingavinnu í hluta þessa húsnæðis. Á fyrstu hæð er ólokið við 950 m², á annarri hæð (suðurkjarna) er ólokið við 450 m² og á þriðju hæð (suðurkjarna) eru 350 m² óinnréttaðir.

Í ljós hefur komið þörf á umtalsverðum endurbótum á Byggingu 7, bæði vegna óska notenda og þess að nú eru gerðar ítarlegri kröfur af hálfu yfirvalda um ýmsan frágang og aðbúnað. Þá er það staðreynd að byggingin krefst nú orðið töluverðs viðhalds, einkum utanhúss. Nú er áætlað að eigi dugi minna en 120 m.kr. til að ljúka uppsteiptum áfanga.

Upphafleg áætlun fyrir lækna- og tannlæknadeildir gerði ráð fyrir að byggður yrði svonefndur norðurkjarni til afnota fyrir deildirnar. Stærð norðurkjarnans sem þegar hefur verið hannaður að hluta er um 3400 m². Lauslega má áætla að framkvæmdin kosti 330-350 m.kr. Botnplata er þegar steipt.

VR-III. VR-III er þriðji áfangi í byggingu húsnæðis fyrir verkfræðideild og raunvísindadeild. Áfanginn skiptist í þrjár álmu, álmu D, sem eru þrír sambyggðir skálar vegna rannsókna og verkkenndu í verkfræðigreinum, álmu E, sem eru tveir sambyggðir skálar fyrir þjónustumiðstöð háskólans og álmu C, sem er hús með kennslustofum, kennaraherbergjum og vinnustofum. Álma D hefur þegar verið reist og er að mestu komin í notkun. Búið er að steypa botnplötu í álmu E og er álman tilbúin til lokaútboðs. Vegna kvaða Reykjavíkurborgar um að verkstæðisskemmu háskólans við Hjarðarhaga verði rifin af öryggisástæðum er brýnt að ljúka E-álmunni til að rýma megi skemmuna. Áætlaður kostnaður við þessa framkvæmd er milli 60 og 70 m.kr.

Búið er að steypa botnplötu í álmu C, en verið er að athuga möguleika á að bæta hæð ofan á fyrirhugaðar tvær hæðir þessa húss. Til greina kemur að öll starfsemi verkfræðideildar sem nú er í VR-II (tekið í notkun 1975) verði flutt í álmu C, en þá yrði nauðsynlegt að stækka þá álmu. Rými sem losnaði í VR-II yrði væntanlega notað í þágu stærðfræði og eðlisfræði. Miðað við að þriggja hæða hús, samtals um 2700 m², verði reist á núverandi grunni má reikna með framkvæmd sem kosta muni milli 200 og 220 m.kr.

VR-IV. VR-IV er fjórði og síðasti áfangi í byggingu húsnæðis fyrir verkfræðideild og raunvísindadeild. Þessi áfangi er í raun tengibygging milli VR-I, VR-II og VR-III. Áfanginn hefur ekki verið hannaður í endanlegri mynd. Ljóst er þó að í honum verður töluvert af þjónusturými (fatahengi, anddyri, snyrtingar, breiðgangar) auk fyrirlestrasala, kennslustofa og skrifstofa. Frumhönnun gerir ráð fyrir 3600 m² húsi og gróft áætlað má gera ráð fyrir kostnaði milli 260 og 300 m.kr.

Jarðvísindahús. Mjög þrengir nú að þeirri starfsemi sem er til húsa í gamla Atvinnudeildarhúsinu (Jarðfræðahús) þ.e.a.s. jarð- og landfræðiskor og Norrænu eldfjallastöðinni. Lögð hefur verið fram frumáætlun um hús fyrir þessa starfsemi. Gert er ráð fyrir húsi sem yrði um 5000 m² að flatarmáli. Sýnt þykir að miða verði við að húsið verði byggt í tveim áföngum. Þegar liggur fyrir loforð frá ríkisstjórn um framlag til þessarar byggingar að upphæð sem næst 55 m.kr. Miðað við að byggingaráfangar yrðu á móta stórir má reikna með að kostnaður við hvorn áfanga yrði um 180 m.kr. Heildarfjárbörf umfram nefndar 55 m.kr. yrði um 300 m.kr.

Líffræðihús. Sem kunnugt er eru líffræðiskor og Líffræðistofnun til húsa við Grensásveg eða í allmikilli fjarlægð frá megin athafnasvæði raunvísindadeildar, sem hún tilheyrir. Þessi einangrun líffræðistarfseminnar hefur verið talin mjög óheppileg. Á undanförunum árum hefur því verið undirbúin hönnun nýrrar byggingar fyrir líffræðigreinar og við það miðað að hún yrði reist á lóð háskólans við Suðurgötu. Nú lítur aftur á móti út fyrir að betra verði að reisa þessa byggingu á austurhluta háskólalóðarinnar, þar sem rýmra yrði um hana. Til tals hefur komið að nábýli við fyrirhugað Jarðvísindahús og Náttúrufræðihús gæti verið æskilegt. Forskrift fyrir hið nýja hús liggur nú fyrir og er miðað við að húsið verði tæpir 2900 m² að flatarmáli. Reikna má með kostnaði við þetta hús að upphæð 220-240 m.kr.

Lyfjafræðihús. Bygging sú sem hér um ræðir er ætlað að hýsa framleiðsludeild Reykjavíkur Apóteks (í eigu H.Í.), auk þess sem kennsla í lyfjafræði mun fara fram í henni. Hönnun er vel á veg komin og væri unnt að hefja framkvæmdir nú þegar. Sem stendur starfar framleiðsludeildin á undanþágum þar eð núverandi húsnæði deildarinnar er talið alls ófullnægjandi og verður ekki komist hjá því að koma upp nýrri aðstöðu fyrir hana.

Nokkur óvissa ríkir nú um rekstur framleiðsludeildar Reykjavíkur Apóteks. Ýmsar breytingar á sölu og dreifingu lyfja hafa verið í athugun hjá yfirvöldum að undanförunu og gætu slíkar breytingar haft áhrif á ákvarðanatöku vegna þessa fyrirhugaða mannvirkis. Hins vegar er enginn vafi á því að brýn þörf er á að bæta aðstöðu vegna kennslu og rannsókna á sviði lyfjafræði. Hús það sem nú hefur verið hannað yrði um 2400 m² og er áætlaður kostnaður við það um 200 m. kr.

Heimspékideild - Orðabók. Fyrir liggur að mjög þrengir að starfsemi þess hluta heimspékideildar, ásamt Orðabók háskólans, sem nú eru til húsa í Árnagarði. Nauðsynlegt er að fara nú að hyggja að framtíðarhúsnæði fyrir þessa starfsemi. Í frumáætlun sem unnin hefur verið innan heimspékideildar og samþykkt þar er niðurstaðan sú að um 4500 m² hús myndi koma til móts við

þarfir deildarinnar. Áætla má lauslega að kostnaður við hús fyrir þessa starfsemi yrði um 330-360 m.kr.

Íþróttahús. Íþróttahús háskólans er fyrir löngu orðið of lítið fyrir hinn mikla fjölda starfsmanna og nemenda sem eru við skólann. Þetta kemur sjálfsagt engum á óvart sem fylgst hefur með hinum öru breytingum síðustu áratuga. Lauslegt mat á stækkunarþörf íþróttamannvirkja Háskólans bendir til þess að 2500-3000 m² húsnæði þurfi til að fullnægja þeim kröfum sem nútíminn gerir til slíkra mannvirkja. Áætla má að kostnaður við íþróttahús gæti verið um 300 m.kr.

Samantekt.

Hér að framan hefur verið gerð lausleg grein fyrir stöðu byggingarmála við Háskóla Íslands. Þá hefur verið gert yfirlit um þær nýbyggingaframkvæmdir húsa sem nauðsynlega þarf að ráðast í á næstu árum. Af yfirlitinu má sjá að áætlaður heildarkostnaður nýbyggingaframkvæmda húsa er um 2400 m.kr. Yfir tíu ára tímabil eru þetta 240 m.kr. ár ári. Sýnist mér ljóst að Hapdrætti háskólans geti ekki lagt til allt þetta fé og nauðsynlegt sé að ríkisvaldið veiti nú þegar umtalsverða fjármuni til nýbygginga háskólans.

Samkvæmt því sem rakið var hér að framan er útreiknuð húsnæðisþörf milli 14 og 15 þús. m² miðað við núverandi nemendafjölda. Hafa ber í huga að fjölgun nemenda og starfslíðs Háskóla Íslands hlýtur að verða mjög umtalsverð á næstu árum og að þörf á viðbótarhúsnæði verði því fylgjandi. Hins vegar myndu samkvæmt ofangreindri áætlun bætast við um 21.000 m² af samsvarandi húsnæði (félagsaðstaða og íþróttahúsnæði ekki meðtalið) sem þýddi að 6 til 7 þús. m² húsnæði fengist vegna nemendaaukningar næstu 10 árin. Miðað við núverandi dreifingu stúdenta má áætla að 11- 1200 m² viðbótarhúsnæðis sé þörf fyrir hverja 100 stúdenta sem bætast við.

Hér að ofan hefur ekki verið gerð grein fyrir öðrum kostnaði en nýbyggingakostnaði húsa. Á þessu ári hefur verið gert stórt átak í frágangi lóðar háskólans vestan Suðurgötu. Enn er eftir að ganga frá lóðinni næst Dunhaga en unnið er að því að ljúka því. Við Byggingu 7 á Landspítalalóð er lóð ófrágengin og umtalsverðar breytingar þarf að gera á lóð austan Suðurgötu. Kostnaður við lúkningu þessara fyrirhuguðu lóðaframkvæmda mun vart kosta undir 70 m. kr.

Niðurlag.

Sem kunnugt er var Happraætti háskóla Íslands ætlað að vera tekjuöflunarleið Háskólans vegna nýbyggingaframkvæmda. Síðar var kveðið á um að tekjur HHÍ skyldu jafnframt standa undir viðhaldi og tækjavæðingu.

Nú er staðan sú að HHÍ getur lagt fram u.þ.b. 200 m.kr. á ári eða sem næst því sem þörf er á til nýbygginga í náinni framtíð. Hins vegar er það svo að aðeins um helmingur þessara fjármuna er til ráðstöfunar vegna nýbygginga.


Í framkvæmdaáætlun fyrir 1991 má sjá að gert er ráð fyrir framkvæmdum við tvær nýbyggingar þ.e.a.s. Byggingu 7 og VR-III, Álmu D & E, samtals 65 m. kr. Aðrir kostnaðarliðir undir liðnum Nýframkvæmdir eru vegna undirbúningsvinnu og skuldbindinga sem þegar hafa verið gerðar.

Ljóst er að miðað við óbreytt nýbyggingafé og þeirra skuldbindinga sem þegar hafa verið gerðar (m.a. gagnvart Háskólabíói) er enginn grundvöllur til að ráðast í nema einn nýjan byggingaráfanga á næstu árum. Með hliðsjón af þessu hafa verið sett upp yfirlit um fjárdreifingu næstu fimm ára. Í yfirlitum (1 og 2) er annars vegar gengið út frá því að lokið verði við VR-III (Álmu C) og hins vegar að byggt verði Líffræðihús. Engin vandkvæði ættu að vera á því að ráðast í framkvæmdir vegna VR-III en fyrirvara þarf að hafa um að byggingarsvæði í Vatnsmýri verði tilbúið 1992 vegna Líffræðihúss. Þessi tvö yfirlit eru gerð fyrir þessi hús, en ekki einhver önnur, vegna fyrri ákvarðana Háskólaráðs um forgangsroðun.

Í yfirliti 3 er miðað við að árlega framlagt fé til nýbygginga losi 200 m. kr. sem er næst þeirri upphæð sem HHÍ gæti veitt til Háskólans á hverju ári miðað við óbreytta afkomu og það að fé vegna viðhalds og tækja kæmi frá ríkinu. Auk þess eru tekin inn í yfirlitið þegar lofuð framlög ríkisins vegna Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Reykjavík 11. nóvember 1990

Fyrir hönd Starfsnefndar háskólaráðs vegna nýbygginga
á vegum Háskóla Íslands


Ragnar Ingimarsson, prófessor
formaður

Háskóli Íslands

Dreifing fjár vegna framkvæmda 1991 - 1995

	1991	1992	1993	1994	1995	Samtals
Bygging 7	20	20	25	25	25	115
VR-III: Álma D og E	45	15				60 (L)
VR-III: Álma C	2*	35	45	55	68	205 (L)
VR-IV						
Jarðvísindahús, fyrri áfangi	3*					3
Líffræðihús	3					3
Lyfjafræðihús						
Háskólabíó	8	20	20	20	10	78
Heimspækideild - Orðabók						
Íþróttahús						
Hjónagarðar	7					
Ármúli 1, Tölvunet o.fl.	7	Ófyrirséð	Ófyrirséð	Ófyrirséð	Ófyrirséð	
		15	15	15	15	74
Nýframkvæmdir samtals	95	105	105	115	118	538
Viðhald, tæki, búnaður	100	100	100	100	100	500
Alls:	195	205	205	215	218	1038

Vísitala 173

Tölur í millj. kr.

* = hönnun

(L) = lokið

() = eigið fé/sérstakar fjárveitingar

Háskóli Íslands

YFIRLIT 2.

Dreifing fjár vegna framkvæmda 1991 - 1995

	1991	1992	1993	1994	1995	Samtals
Bygging 7	20	20	20	20	20	100
VR-III: Álma D og E	45	15				60 (L)
VR-III: Álma C	2 *					2
VR-IV						
Jarðvísindahús, fyrri áfangi	3 *					3
Líffræðihús	3 *	35	50	60	72	220 (L)
Lyfjafræðihús						
Háskólabíó	8	20	20	20	10	78
Heimspækideild - Orðabók						
Íþróttahús						
Hjónagarðar	7					
Ármúli 1, Tölvunet o.fl.	7	Ófyrirséð	Ófyrirséð	Ófyrirséð	Ófyrirséð	
		15	15	15	15	74
Nýframkvæmdir samtals	95	105	105	115	117	537
Viðhald, tæki, búnaður	100	100	100	100	100	500
Alls:	195	205	205	215	217	1037

Vísitala 173

* = hönnun

Tölur í millj. kr.

(L) = lokið

() = eigið fé/sérstakar fjárveitingar

Háskóli Íslands

Dreifing fjár vegna framkvæmda 1991 - 1995

	1991	1992	1993	1994	1995	Samtals
Bygging 7	20 *	30	30	30	30	140
VR-III: Álma D og E	45	15				60 (L)
VR-III: Álma C	2*	70	70	63		205 (L)
VR-IV						
Jarðvísindahús, fyrri áfangi	3*	10	10 + (25)	20 + (30)	82	125+ (55) (L)
Líffræðihús	3*	40	60	60	57	220 (L)
Lyfjafræðihús						
Háskólabíó	8	20	20	20	20	88
Heimspækideild - Orðabók						
Íþróttahús						
Hjónagarðar	7					
Ársmúli 1, Tölvunet o.fl.		Ófyrirséð	Ófyrirséð	Ófyrirséð	Ófyrirséð	
		15	15	15	15	74
Nýframkvæmdir samtals	95	200	205+ (25)	208+ (30)	204	912
Viðhald, tæki, búnaður	100	100	100	100	100	500
Alls:	195	300	305+ (25)	308+ (30)	304	1412+ (55)


Vísitala 173

Tölur í millj. kr.

* = hönnun

(L) = lokið

() = eigið fé/sérstakar fjárveitingar



FSKj. 3